



**Skólaráð Tjarnarskóla**  
**Fundargerð 46. fundar**  
**1. fundur á skólaárinu 2024-2025**  
**23. september 2024 kl. 8.30**

**Mætt á fundinn:**

Birna Dís Björnsdóttir, skólastjóri  
Jökull Jóhann Karlsson, fulltrúi nemenda  
Matthías Thorberg Magnússon, fulltrúi nemenda  
Kristín Rós Egilsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks  
Kristín Inga Guðmundsdóttir, fulltrúi kennara  
Sigurborg Pálína Hermannsdóttir, fulltrúi kennara  
Ólöf Arnalds, fulltrúi foreldra  
Rosalie Rut Sigrúnardóttir, fulltrúi grenndarsamfélags  
Margrét Theodórsdóttir, fráfarandi skólastjóri, sem stjórnaði fundinum.

Halla Helgadóttir, fulltrúi foreldra, boðaði forföll.

Margrét bauð fundarmenn velkomna á 1. fund skólaráðsins á yfirstandandi skólaári. Nýir fulltrúar í ráðinu boðnir sérstaklega velkomnir, þau Halla, Jökull, Kristín Inga og Sigurborg, sem sátu sinn fyrsta fund.

**Dagskrá:**

**1. Hlutverk skólaráðs**

Margrét fór stuttlega yfir hlutverk skólaráðs og vitnaði í Handbók skólaráðs sem var send í tölvupósti fyrir fundinn og hvatti nýja fulltrúa í ráðinu að kynna sér handbókina.

**2. Samþykkt Starfsáætlunar 2024-2025**

Margrét fjallaði um starfsáætlunina, sem var send með fundarboðinu, og var hún síðan samþykkt samhljóða eftir umræður. Fundargerð 1. fundar verður send á Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar til staðfestingar um samþykkt skólaráðsins.

### 3. Verkefni skólaráðs á síðasta skólaári

Margrét nefndi helstu punkta úr starfi skólaráðsins á síðasta ári og fór einnig yfir það sem liggur fyrir ráðinu að vinna að á þessu skólaári og hvatti fulltrúa í ráðinu að koma með hugmyndir og fundarefni. Hún vísaði einnig í fundargerðir síðasta skólaárs, sem eru birtar á heimasíðu skólans.

### 3. Viðfangsefni skólaráðs á þessu skólaári, áætlun:

Við leggjum upp með að hafa fjóra fundi á starfsárinu en fleiri ef óskað er og tilefni er til.

#### Áætlun:

- Endurskoðun á skólareglum Tjarnarskóla sem hafa verið óbreyttar frá skólaárinu 2019 – 2020.
- Fjalla um velferð og öryggi nemenda í skólanum.
- Fundur þar sem nemendaráði skólans verður boðið að taka þátt til þess að ræða Skóladagatal 2025 -2026 og koma með ábendingar.
- Koma með hugmyndir og útfærslu á hvernig við höldum upp á afmæli skólans.
- Undirbúa opinn fund skólaráðs með því að ræða hugmyndir að fundarefni og fyrirkomulag fundarins.
- Opinn fundur skólaráðs.

### 4. Endurskoðun á skólareglunum

Góðar umræður fóru fram um núgildandi skólareglur. Mikilvægt þótti að breyta reglum sem lúta að símareglum þar sem við höfum tekið upp símafrí frá byrjun skólaársins. Kennarar og nemendur lýstu yfir ánægju með nýja fyrirkomulagið og nemandi sagðist taka eftir að hugur nemenda væri meira í skólanum og að góð stemning væri í húsinu. Eftir góða umfjöllun var ákveðið að kennarar leggi lokahönd á reglurnar á kennarafundi síðdegis og síðan fá allir fundarmenn senda lokaútfærslu til samþykktar. Endurskoðaðar skólareglur verða settar inn í starfsáætlun 2024 – 2025 og heimasíðu skólans.

### 5. Önnur mál

Nú er fertugasta starfsár skólans gengið í garð og umræður hófust um með hvaða hætti væri gaman að halda upp á áfangann. Uppástungur um að leigja sal með dagskrá og afmælissöng. Gæti verið góð leið að tengja daginn sýningu á rannsóknarverkefnum nemenda en árleg sýning hefur verið vel sótt af foreldrum, öfum og ömmum. Hugmynd um að gestir fengju að sjá myndir og myndbönd úr skólastarfinu og einnig yrði boðið upp á afmælisveitingar. Við fengum að halda upp á 30 ára afmælið í lðnó fyrir 10 árum, kæmi til greina að skoða þann valkost aftur, þar sem við höfum engan sal í skólanum.

Nemandi óskaði eftir að skóhorn yrði hjá skóhillum, vel tekið í það.

Tillaga samþykkt um að hafa næsta fund skólaráðs í lok nóvember og var mánudagurinn 25. nóvember kl. 8.30 ákveðinn.

Margrét þakkaði fundarmönnum kærlega fyrir góðan fund.

Fundi slitið kl. 9.20.

KR/MT